



Skotlandsferð 2. – 6. September 2026

2.Sept Flogið út með Icelandair kl 08:30 og lent á Edinborgarflugvelli kl 11:45 og ekið beint á hótél Premier Inn Edinburg City Center, sem er staðsett í miðborginni – rétt við Princess Street. <https://www.premierinn.com/gb/en/hotels/scotland/lothian/edinburgh/edinburgh-city-centre-waverley>. Við komum okkur fyrir á hótelinu og förum saman í stutta vettvangskönnun um næsta nágrenni. Sameiginlegur kvöldverður á hótelinu, sem er innifalinn.

3.sept Kl 10:00 verður lagt af stað í 3 klst skoðunarferð með rútu um borgina - m.a. verður farið að gamla hafnarsvæðinu í Leith þar sem Gullfoss okkar þekktasta farþegaskip kom að bryggju. Við skoðum líka “New Town” (nýju borgina) og einnig í elsta hluta Edinborgar. Endum skoðunarferðina á stuttri gönguferð um Royal Mile, sem er í nágrenni hins þekkta Edinborgarkastala. Kvöldið frjálst.

4.sept kl 09:00 verður lagt af stað í hálendisferð m.a. til Trossachs þjóðgarðsins og Loch Lomond – þar sem ríkir einstök nátturufegurð - fáum okkur sameiginlega léttan hádegisverð og ökum síðan til hins þekkta Stirling kastala og verðum komin til baka á hótelið upb kl 18:00. Kvöldið frjálst.

5.sept Frjáls dagur. Sameiginlegur kvöldmatur á ekta skoskum veitingastað.

6.sept Farið útá flugvöll kl 11:20. Flogið heim með Icelandair kl 14:15 og lent í Keflavík 15:50

Innifalið í pakkaverði er flug með Icelandair, 10 kg handfarangur og 20 kg ferðataska. Gisting á Premier Inn hóteli í miðbæ Edinborgar í 4 nætur með morgunverði. Rúta til og frá flugvelli í Edinborg, skoðunarferðir 2.,3. og 4 sept, tveir kvöldverðir 2. og 5. sept og leiðsögn.

Kr 259.000.- pr mann í tvíbýli. Kr 338.000.- í einbýli. Skráning fyrir 12. febrúar

